

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis  
Austurvelli  
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 21. október 2019  
2019100013/42-1-3  
TB  
jgø/tb


**Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál.

Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt og rétt að skoða hvort gæðastýring í sauðfjárrækt og landnýtingarþáttur hennar sé í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti. Undir það fellur að sýnt sé fram á með óyggjandi hætti að sauðfjárrækt á einstökum stöðum í landinu standist viðmiðunarmörk um ástand heimalands og upprekstrarlanda. Og sé þ.a.l. í samræmi við sjálfbæra nýtingu lands eins og hún er skilgreind hverju sinni í þeim lögum sem tilgreind eru í greinargerð með tillögunni. Mikilvægt er að komið sé á virku vottunarkerfi um sjálfbæra nýtingu lands sem byggir á vísindalegum gögnum og viðmiðum um ástand þess lands sem nýtt er til sauðfjárræktar. Náttúrufræðistofnun tekur undir að ekki beri að veita almannaþé til sauðfjárræktar þar sem sýnt er fram á að hún nái ekki nógildandi viðmiðum um sjálfbæra nýtingu lands.

Virðingarfyllst

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

  
Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

